

9. fundur Betadeildar starfsárið 2016 – 2017, haldinn 26. maí kl. 18:30 í Norðuslóðasetrinu við Strandgötu. Á fundinn mættu 18 konur.

Áður er formlegur fundur hófst leiddi starfsmaður Norðurslóðasetursins, Aðalsteinn Bergdal, Betakonur um sýningu setursins og sagði frá tilurð þess og framtíðarsýn. Aníta færði honum þakkir og rós fyrir hönd Betadeildar.

1. Kl. 19:45 setti Aníta fundinn, kveikti á kertum og flutti kveðjur fjarstaddra kvenna.
2. Orð til umhugsunar flutti Sigríður Magnúsdóttir. Hún las okkur 2 ljóð úr bók Davíðs Þórs Jónsonar; Vísur fyrir vonda krakka.
3. Lestur fundargerðar. Fríða las fundargerð aprílfundar og var hún samþykkt.
4. Erindi frá stjórn:
 - Aníta flutti vetrarskýrslu stjórnar.
 - Aníta minnti á haustferð og kallaði eftir hugmyndum og væntingum. Nokkrar umræður urðu og sú hugmynd að halda fyrst fund með heiðursviðurkenningu og halda síðan út í haustið í skemmtiferð virtist hugnast vel. Í umræðum um stað og stund voru nokkrir staðir nefndir og áhugi var á því að bregða út af vana og hafa fundinn á laugardegi í stað þess að vera í miðri viku enda mikið undir á afmælisári. Dagsetning var ekki ákveðin en Aníta bað konur um hafa í huga fyrstu tvo laugardagana í september. Eygló bað um að þess yrði gætt að ferðin rækist ekki á framkvæmdaráðsfund.
 - Aníta ræddi UNICEF sjóðinn sem styrktur er með framlögum úr pyngjunni góðu. Á sl. ári voru 100.000 kr. lagðar í verkefnið og bætti Betadeildin við pyngjuupphæðina til þess að hún stæði á svo góðri tölu. Aníta óskaði eftir samþykki til þess að þetta yrði einnig gert í ár. Að sögn gjaldkera er staða deildarinnar góð og það var samþykkt að þetta yrði einnig gert í ár.
 - Upplýst var að 5. okt nefndin hefur tekið til starfa. Þorgerður greindi frá því að í nefndinni sitji fjölbreyttur hópur kvenna, fulltrúar allra skólastiga. Ákveðið hefur verið að halda samræðuþing þann 5. okt. þar sem umræðuefnið verður líðan kennara.
5. Önnur mál. Eygló færði Betakonum þakkir fyrir þeirra framlag til Landsambandsþingsins sem var vel heppnað og hún taldi norðankonur geta verið stoltar af framkvæmdinni. Hún færði MA kennurunum Sigrúnu, Selmu og Margréti sérstakar þakkir fyrir það hve natnar þær voru við að tryggja að umgjörðin væri í lagi

og kaffi væri á borðum. Þær stóðu í ýmsu stússi óumbeðnar og slíkt ber að þakka og sem þakklætisvott færði Eygló þeim rós.

Aníta þakkaði Eygló og ræddi eldmóðinn sem hún fylltist við að taka þátt í viðburðinum og vitnaði í orð Beverly Helms sem í erindi sínu á þinginu ræddi það að því virkari sem þú ert í starfi DKG því meira færðu út úr starfinu. Aníta taldi einsýnt að nú drifum við okkur allar saman í rútu á næsta þing.

6. Inntaka nýrra félaga skv. hefð og starfsreglum. Í Betadeild gengu Helena Sigurðardóttir, Hildur Hauksdóttir og Kristín Elva Viðarsdóttir.
7. Aníta sleit fundi kl. 20:35.

Að fundi loknum nutu félagskonur góðra veitinga sem bornar voru fram af starfsmönnum Norðurslóðasetursins og áttu ljúfa samverustund fram eftir kvöldi þar sem pyngjan var látin ganga og dregið var í happdrætti. Hin lukkulega á þessum síðasta fundi vetrar var Martha Lilja.

Fundargerð ritaði Fríða Pétursdóttir